

slikur, að þeir verði ekki taldir hafa sýnt þá vanrækslu, að þeir teljist eiga sök á slysinu.

Verður því sýknukrafa stefndu tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Stefán Jakobsson og Ásgeir Guðmundsson, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ágústs Gizurarsonar í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 15. júní 1948.

Kærumálið nr. 5/1948. Bjarni Bjarnason, Gunnar Steindórs-son og Grímur Gíslason

gegn

Byggingarfélaginu Smið h/f.

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 20. f. m., sem hingað barst 4. þ. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 3. málsg. 108. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 14. f. m., þar sem kröfu um frávísun máls varnaraðilja gegn sóknaraðilja var hrundið. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málinu vísað frá héraðsdómi og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðiljar dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur hér fyrir dómi krafizt ómerkingar ummæla í greinargerð sóknaraðilja í héraði og sekta á hendur

málflytjanda þeirra þar, en þegar af þeirri ástæðu, að héraðsdómari hefur enn eigi dæmt kröfu þessa, vísast henni frá hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu vísast frá hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Bjarni Bjarnason, Gunnar Steindórs-son og Grímur Gíslason, greiði varnaraðilja, Byggingarfélaginu Smið h/f, kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1948.

Mál þetta, er tekið var til dóms eða úrskurðar 7. þ. m., hefur byggingarfélagið Smiður h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. marz s. l. gegn Bjarna Bjarnasyni lækni, Túngötu 5, Gunnari Steindórssyni, Drápuhlíð 8 og Grími Gíslasyni, Drápuhlíð 4, öllum hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 1830.58 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1947 til greiðsludags gegn afhendingu timburs í geymslu stefnanda fyrir kr. 4290.66. Enn fremur hefur stefnandi krafizt þess, að kveðið verði á um það í dómi, að timburviðskipti aðilja falli ekki undir ákvæði 9. gr. samnings milli þeirra, dags. 21. júlí 1947. Loks hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Við munnlegan málflutning um framkomna frávisunarkröfu gerði stefnandi enn fremur þær kröfur, að yrði frávisunarkrafan tekin til greina, væru stefndu vittir og sektaðir fyrir aðdróttun um skjalfals í greinargerð á dskj. nr. 7, en að öðrum kosti myndu kröfur þessar bíða efnisdóms í málinu.

Stefndu hafa aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu og málskostnaðar í báðum tilvikum. Stefndu hafa enn fremur krafizt þess, að stefnandi eða umboðsmaður þeirra verði sektaður fyrir bersýnilega tilefnislausu málshöfðun og fyrir að flytja fram visvitandi rangar staðhæfingar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 21. júlí 1947, tók stefnandi að sér byggingu húsanna nr. 30 og 32 við Máfahlíð hér í bæ, fyrir stefndu. Í 8. gr. samnings þessa segir svo: „Verksali er ekki skyldur til að leggja til erlent byggingarefni, en lofar að vera hjálplegur með það eftir föngum og svo sem hægt er. Komi það til að verksali kaupi efni, sem

hann getur ekki lagt neitt á og leggi út fé fyrir, þá áskilur hann sér rétt á að leggja 5% á almennt gangverð vörunnar.“

Í 9. gr. eru svo ákvæði þess efnis, að verði ágreiningur út af framkvæmd samningsins, skuli honum lokið með gerð. Skýrir stefnandi svo frá, að um þessar mundir hafi það haft timbur til sölu og hafi stefndu lagt mikla áherzlu á að fá það keypt til húsanna. Stefnandi hafi þá afgreitt til þeirra timbur fyrir kr. 36 810.90 og hafi það verið greitt að fullu 25. ágúst 1947. Seinni hluta ágústmánaðar og um miðjan septembermánuð s. á. hafi verið afgreitt timbur til stefndu fyrir samtals kr. 1830.58. Þetta timbur hafi stefndu ekki fengist til þess að greiða. Hins vegar eigi þeir þakvið í vörzlum stefnanda, sem ekki hafi enn verið flutt á byggingarstaðinn, og nemi það magn að fjárhæð kr. 4290.66.

Frávisunarkröfu sína byggja stefndu á því, að samkvæmt 9. gr. nefnds samnings heyri mál þetta undir gerðardóm. Telja þeir, að með sölu timbursins sé stefnandi að efna loforð sitt í 8. gr. „að vera hjálplegur með það eftir föngum og svo sem hægt er“ að útvega erlent byggingarefni. Þarna sé um að ræða ágreining út af framkvæmd samningsins. Ber því að vísa málinu frá bæjarþinginu, sbr. 68. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Ekki verður annað séð, en að þau viðskipti aðilja, sem mál þetta er risið af, hafi verið bein kaup, og sala. Þá er enn fremur upplýst af hálfu stefnanda, að álagning sú, sem heimiluð er í 8. gr. nefnds samnings, hafi ekki verið lögð á vöru þessa. Verður því ekki talið, að viðskipti þessi falli undir 9. gr. margnefnds samnings og verður frávisunarkrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin í væntanlegum efnisdómi í málinu.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Framkomin frávisunarkrafa verður ekki tekin til greina.